



Reykjavík, 15. apríl 2024

MSS24030121

Borgarráð  
Ráðhús Reykjavíkur

### **Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um úttekt innri endurskoðunar á viðskiptum þjónustu- og nýsköpunarsviðs.**

Á fundi borgarráðs 21. mars sl. lögðu borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi tillögu:

Á dögnum var í fjölmiðlum fjallað um viðskipti Reykjavíkurborgar við lífstílsverslun sem tengist sviðsstjóra þjónustu- og nýsköpunarsviðs borgarinnar nánnum böndum og er rekin frá heimili hans. Borgarráð samþykkir að fela innri endurskoðun Reykjavíkurborgar að ráðast í úttekt á viðskiptunum.

Tillögunni var frestað.

Samkvæmt upplýsingum frá Innri endurskoðun barst embættinu erindi, dags. 7. apríl 2022, vegna viðskipti þjónustu- og nýsköpunarsviðs við fyrirtækið I Ráðgjöf. Erindið var tekið til skoðunar hjá Innri endurskoðun og lauk með gerð minnisblaðs um skoðun á viðskiptum við fjárhagslega tengdra aðila, til sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs dags. 20. september 2022. Í ljósi þess að umrædd viðskipti hafa þegar verið skoðuð af Innri endurskoðanda sem hefur skilað niðurstöðu sinni er mælt með því að tillögunni verði vísað frá.

Virðingarfyllst,  
Helga Björk Laxdal  
*Skrifstofustjóri borgarstjórnar*



**Reykjavík**